

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar — Júní 2022

Skráð atvinnuleysi í júní var 3,3% og minnkaði um 0,6 prósentustig frá maí

Skráð atvinnuleysi var 3,3% í júní og minnkaði úr 3,9% í maí. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 1.042 frá maímánuði.

Að meðaltali voru 6.675 atvinnulausir í júní, 3.661 karl og 3.014 konur.

Alls staðar dró úr atvinnuleysi í júní mest hlutfallslega á Austurlandi, Norðurlandi eystra og Vestfjörðum.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 5,8% og minnkaði úr 6,6% í maí. Næst mest var atvinnuleysið 3,7% á höfuðborgarsvæðinu og minnkaði úr 4,2% í maí.

Minnst var atvinnuleysi í júní á Norðurlandi vestra 0,9%, 1,4% á Vestfjörðum og 1,5% á Vesturlandi svo og á Austurlandi.

Alls höfðu 2.395 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní og fækkaði um 318 frá maí.


Alls voru 3.063 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júní og fækkaði um 268 frá maí.

Í júní 2022 gaf Vinnumálastofnun út 339 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 238 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 236 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 103 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 37 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júní 2022 með samtals 250 starfsmenn.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni ekki breytast mikið í júlí og verða á bilinu 3,1% til 3,4%.

Próun atvinnuleysis júní 2020 til júní 2022



Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi minnkaði meira á landsbyggðinni sem heild en á höfuðborgarsvæðinu eða um 0,7 prósentustig og var 2,7% í júní. Á höfuðborgarsvæðinu minnkaði atvinnuleysi um 0,5 prósentustig og var 3,7% í júní. Atvinnuleysi á landinu öllu minnkaði um 0,6 prósentustig frá maí og var 3,3% í júní.

Alls staðar dró úr atvinnuleysi í júní mest hlutfallslega á Austurlandi, Norðurlandi eystra og Vestfjörðum.



Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 5,8% og minnkaði úr 6,6% í maí. Næst mest var atvinnuleysið 3,7% á höfuðborgarsvæðinu og minnkaði úr 4,2% í maí.

Minnst var atvinnuleysi í júní á Norðurlandi vestra 0,9%, 1,4% á Vestfjörðum og 1,5% á Vesturlandi svo og á Austurlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í maí og júní.

Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á fjórum svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var 3,7% meðal karla og 3,6% meðal kvenna, á Vestfjörðum þar sem það var 1,5% meðal karla og 1,3% meðal kvenna, á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,2% og atvinnuleysi kvenna 0,6% og á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 1,5% og atvinnuleysi kvenna 1,4%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júní.



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.918 í lok júní, 3.706 karlar og 3.212 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 499 frá maílokum og atvinnulausum konum fækkaði um 296.

Alls voru 528 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok júní og hefur þeim fækkað um 115 frá maílokum.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.395 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní og fækkaði um 318 frá maí. Hins vegar voru þeir 5.818 í júnílok 2021.


Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fjölgaði frá maí um 87 og voru 1.809 í lok júní. Í lok júní 2021 var þessi fjöldi hins vegar 4.305.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum í lok júní fækkaði í öllum atvinnugreinum frá lokum maí. Mest var hlutfallsleg fækkun atvinnulausra í ferðatengdum atvinnugreinum.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.063 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júní og fækkaði um 268 frá maí. Þessi fjöldi samsvarar um 7,9% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá var rúm 44% í júní.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.506 sem er um 49% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá. Því næst koma Litháar, Lettar, Rúmenar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok júní 2022




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í júní 2022 gaf Vinnumálastofnun út 339 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 238 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 236 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 103 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júní, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérstakra ástæðna eða 145 leyfi. Þá voru gefin út 69 sérfræðileyfi og 46 leyfi vegna fjölskyldusameiningar og eins 46 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júní voru flest leyfi gefin út vegna þjónustustarfa eða 33%, 28% vegna sérfræðistarfa og 25% vegna starfa verkafólks. Um 14% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júní 2022



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 37 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júní 2022 með samtals 250 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 587 í júní á vegum 19 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 50%, 21% frá Lettlandi og 13% frá Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 16% starfsmanna komu frá 11 öðrum ríkjum.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Þdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra